

ÞÓRSMÖRK

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir



Það er vor í Þórsörkinn----i, þýður andblær jöklum frá.
Ennþá fæ ég ein--u sinn--i Íslands fjalladýrð að sjá.

Þar sem ríkir frelsi' og friður
fyllist gleði hjarta manns.
Lóukvak og lækjarniður
láta blítt í eyrum hans.

Allt frá Krossár eyðisandi
upp á hæst jökultind
augað litur ævarandi
ægitign í hverri mynd.

Hér í víðum faðmi fjalla,
fjarri borg við skógarlund
vildi'ég sátt við allt og alla
eyða minni hinstu stund.